Hestamannafélagið Dreyri á Akranesi og Hvalfjarðarsveit.

Félagsmenn 193.

Æskulýðsnefnd Dreyra – skýrsla 2008

x

31.ágúst 2008- Haustreiðtúr í Hvalfjarðarsveit.

- **9.febrúar 2008**, fyrsti fundur Æskulýðsnefndar Dreyra, þar var unnið að vinnuáætlun nefndarinnar fyrir 2008.
- **10.febrúar 2008, kl: 16:00.** Fyrsta stefnumót vetrarins í Æðarodda. Nefnd og unga fólkið hittist og ræddum hestamálin vítt og breitt, t.d um starfið í vetur. Allir tóku svo vel til matar síns og sproðrenndu mexíkönskum vöðlum niður í miklu magni. Rúmlega 10 börn mættu á aldrinum 1 árs – 13 ára

- **30. mars 2008, kl: 16:00.** Nefndin stóð fyrir ferð á sýninguna Æskan og hesturinn í Víðdal. Fjöldi barna, 12.

- **16.- 23.- og 30. apríl, 2008.** Reiðnámskeið fyrir börn 8 ára og eldri. Reiðkennarinn Elisabet Jansen, frá Hvanneyri, kom til okkar á Æðarodda þrjá miðvikudaga í april og hélt reiðnámskeið. Þátttakendur voru 10. Þrátt fyrir rok og bleytu tókst námskeiðið með ágætum en ljóst að reiðskýli er eitthvað sem Dreyramenn verða að fara að hugsa fyrir, þó ekki væri nema til að hafa aðgang að reiðkennurum allt árið.
  23.apríl var Helena Bergström líka með reiðnámskeið fyrir 4 börn á aldrinum 5-7 ára í litla hringgerðinu.

- **22. apríl 2008** kl :16:00, laugardagur. Sameiginlegur reiðtúr í Æðarodda. 4 börn og 2 fullorðnir.

- **1.maí 2008, fimmtudagur.** Firmakeppni Dreyra**,** umsjón stjórn félagsins. Þátttakendur í barnaflokki 6. Engin í unglingaflokki, og ungmenni færð upp í eldri flokka.

- **25.maí 2008 kl: 15:00,** sunnudagur, Reiðtúr í Æðarodda og grill að því lokun. 4 börn og 1 fullorðinn.

31.ágúst 2008, 5 – 10 ára börn.

- **27.maí 2008,** þriðjudagur. Gæðingadómarinn Valdimar Ólafsson leiðbeindi börnum og ungmennum sem áhuga höfðu á þátttöku í gæðingamóti Dreyra. Hvert barn sýndi fyrirhugað keppnisprógram og Valdimar gaf góð ráð og umsögn út frá sjónarhorni dómarans. 7 þátttakendur.

- **31.maí 2008**, laugardagur. **Gæðingamót Dreyra** – úrtökumót fyrir Landsmót, haldið að Miðfossum í Borgarfirði sameiginlega með öðrum hestamannafélugum á Vesturlandi. Frá Dreyra voru 4 keppendur í barnaflokki og í ungmennaflokki 4. Dreyri má senda 2 keppendur í hvern keppnisflokk á Landsmóti.

- **7.-8 júni. Vorferð Dreyra**. Á áætlun var 2ja daga vorferð, þ.e reiðtúr í nágrenninu og gistingu, svipað því og farið var í fyrra. En að þessu sinni varð engin ferð vegna þátttökuleysis og veikinda.

- **Júní 2008.** Undirbúningur fyrir Landsmót. Birna Tryggvadóttir reiðkennari var fengin til að undirbúa keppendur í yngri flokkum fyrir Landsmótið á Hellu. Birna hitti nemendur sína 5 sinnum á Æðarodda, þ.e keppendur og varamenn, og síðan keppendur eingöngu 3 sinnum á Hellu, helgina 28.-30.júní.

Svandís Lilja og Glaður á fullri ferð í úrslitum í barnaflokki á Landsmóti

- **Júlí 2008**. Landsmót LH á Hellu,– Keppendur Dreyra stóðu sig allir **frábærlega.** Valdís Ýr í 10. sæti í ungmennaflokki, Guðbjartur Þór valinn í úrvalshóp ungmenna LH, Þorsteinn Már mjög nálægt að komast áfram í úrslit og hetjan okkar, Svandís Lilja í 3.sæti í barnaflokki..

- **14.-15. ágúst**. Íslandsmót yngri flokka. Dreyri sendi 2 keppendur, Svandísi Lilju í barnaflokki og Valdísi Ýr í ungmennaflokki. Mjög góð frammistaða hjá þeim báðum.

- **30.-31. ágúst 2008.** Haustferð æskulýðsnefndar Dreyra. Ráðgert var, líkt og í fyrra, að fara í haustferð að Grímsstöðum á Mýrum og ríða þar út í nágrenninu. En fyrsta haustlægðin æddi yfir landið á sama tíma með miklu hvassviðri og rigningu. Ekkert varð því úr þessari ferð. En í staðinn var blíðvirðis sunnudagurinn 31.ágúst notaður í skemmtilegan reiðtúr frá Mótel Venus og suður Hafnarskóg, upp í Ölver og suður Katlana niður að Vestri –Leirárgörðum. 5 börn á aldrinum 5-10 ára voru með í för og 3 foreldrar. Mjög skemmtileg ferð.

- **September 2008.** Guðbjartur Þór Stefánsson fór með úrvalshópi ungmenna LH til Frakklands og tók þar þátt í þolreiðarkeppni (heimsmeistaramótinu í Trec) og öðrum uppákomum tengdum íslenska hestinum í Frakklandi.

Guðbjartur Þór og félagar nýkomnir úr þolreiðarkeppni

Lokaorð.

Æskulýðsnefnd Dreyra reynir hvað hún getur til að halda úti starfi en okkur sárvantar fleiri börn með. Flest þau börn sem taka þátt í starfinu eru úr Hvalfjarðarsveit en Skagabörnin eru vart sjáanleg. Þó að nær allir eigendur hesthúsa á félagssvæði Dreyra á Æðarodda, búi á Akranesi þá virðist svo vera að þeir séu afar óduglegir að drífa sín börn, eða barnabörn, með í hestamennskuna. Nefndin hefur sent

félagsmönnum öllum hvatningarorð um að taka börnin með, en enn sem komið er hefur það skilað litlum árangri. Þetta er eilitið sérsakt ástand satt að segja. En við ætlum ekki að gefast upp.

Áfram Dreyri.

Hvalfjarðarsveit, 29.september 2008.

Með bestu kveðju

Æskulýðsnefnd Dreyra

Ása, Helena og Guðleif.

www.ia.is / hestamennska.

Hluti æskulýðsnefndar Dreyra ásamt upprennandi hestamönnum í Hafnarskógi í Hvalfjarðarsveit.